

Leiðsagnarmat er málið

Þróunarverkefni 2017-2018



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Höfundur skýrslu: Nanna Kristín Christansen.

Skóla-og frístundasvið Reykjavíkurborgar, júlí, 2018.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Þátttökuskólarnir	3
Markmið og inntak	3
Hvað er leiðsagnarmat?	3
John Morris og Ardleigh Green Junior School	4
Fyrirkomulag.....	4
Fyrsta lota.....	5
Önnur lota	5
Þriðja lota	6
Árangur.....	6
Umsagnir frá nokkrum skólum	7
Niðurstöður og næstu skref	8
Heimildaskrá.....	9

Inngangur

Skólaárið 2017–2018 stóð skrifstofa skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur fyrir þróunarverkefni um leiðsagnarmat. Forsaga málsins var að margir skólastjórnendur, sem sótt höfðu fyrirlestur skrifstofunnar um leiðsagnarmat, sýndu því áhuga að aðferðarfræðin yrði kynnt fyrir kennurum með það að markmiði að styðja við innleiðingu leiðsagnarmats í skólunum. Sótt var um styrk til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla, en áherslusvið sjóðsins fyrir skólaárið 2017-2018 voru verkefni sem tengjast leiðsagnarmati - mati og endurgjöf í námi nemenda. Styrkur að upphæð kr. 2,4 milljónir fékkst til verkefnisins. Skrifstofan auglýsti eftir skólum sem óskuðu að taka þátt og skráðu 17 grunnskólar sig til leiks.

Þátttökuskólarnir

Skólarnir sem tóku þátt eru: Austurbæjarskóli, Ártúnsskóli, Dalskóli, Grandaskóli, Hagaskóli, Hamraskóli, Háaleitisskóli, Háteigsskóli, Hlíðaskóli, Húsaskóli, Ingunnarskóli, Laugarnesskóli, Melaskóli, Norðlingaskóli, Sæmundarskóli, Vesturbæjarskóli og Víkurskóli.

Markmið og inntak

Markmiðið með verkefninu var að styðja skóla sem vilja leggja aukna áherslu á leiðsagnarmat í námi og kennslu. Aðferðafræði sú sem Shirley Clarke hefur þróað í samstarfi við grunnskólakennara í Englandi var þungamiðja þróunarstarfsins. Clarke hefur um árabil unnið með niðurstöður fræðimanna, þar á meðal John Hattie og Carol Dweck, sem sýna hvað hefur áhrif á framfarir nemenda, og virkjað niðurstöðurnar á hagnýtan hátt í skólanum. Segja má að með aðferðafræðinni hafi verið reist brú á milli fræðaheimsins og skólastofunnar. Mikil reynsla er komin á aðferðafræðina og hefur hún skilað góðum árangri. Shirley Clarke hefur skrifað fjölda bóka um efnið, sem hafa verið þýddar á nokkur tungumál, auk þess hefur hún haldið námskeið fyrir kennara víða um heim.

Hvað er leiðsagnarmat?

Í aðalnámskrá grunnskóla (2011) segir: *Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat þar sem nemendur velta reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skuli stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.*

Segja má að hugmyndafræði leiðsagnarmats sé rauður þráður í aðalnámskránni. Hugmyndin um leiðsagnarmat vakti fyrst verulega athygli 1998 með greininni *Inside the Black Box: Raising Standards Through Classroom Assessment*, eftir Paul Black og Dylan Wiliam. Lengst af hafa enskumælandi þjóðir talað um „formative assessment“, en margir, þar á meðal Clarke, benda á að heitið beini athyglinni of mikið að matinu á kostnað námsins sjálfs, sem á að vera í forgrunni. Þess vegna hefur í hugtakið „assessment for learning“ eða „assessment with learning“ í auknum mæli verið að festast í sessi. Að mati þátttakendanna í þróunarverkefni grunnskólanna í Reykjavík ætti að sama skapi að tala um nám með leiðsögn eða leiðsagnarnám, fremur en leiðsagnarmat, og var leiðsagnarnám meira ráðandi þegar leið á verkefnið.

Leiðsagnarnám hefur verið skilgreint á ýmsa vegu, en út frá áherslum Clarke má í stuttu máli segja að leiðsagnarnám sé námsmenning þar sem megináherslan er á nám nemenda, fremur en kennslu

kennarans. Nemendahópurinn er námssamfélag þar sem rík áhersla á samvinnu og samræður um námið og á ábyrgð nemenda. Nemendahópar eru getublandaðir og unnið með forþekkingu nemenda. Litið er svo á að allir nemendur geti aukið framfarir sínar í námi og að skýr námsmarkmið og vitneskja um hvernig gott verkefni eða góður árangur er, gerir námið markvissara, ánægjulegra og auðveldara. Vel grunduð og regluleg endurgjöf er lykilatriði. Litið er svo á að endurgjöfin hafi einungis þýðingu ef nemandinn getur nýtt sér hana til framfara. Tilgangur matsins er ávallt að greina hvar nemandinn stendur á leið sinni að skilgreindum markmiðum til að greina hvaða stuðning hann þarf til auka framfarir sínar.

Áhersla er á vaxtarhugarfar (Growth mindset) og væntingar um árangur, en þar er horft til umfjöllunar Carol Dweck. Nemendur eru meðvitaðir um hvenær og hvernig nám fer fram. Þrautseigja er talin happasælli en gáfur og litið er svo á að mistök skapi tækifæri til að læra. Leiðsagnarnám snýst ekki um einkunnir, heldur um það hvernig kennarar bregðast við mati á stöðu nemenda sinna hverju sinni m.a. með því að ígrunda kennsluaðferðir sínar og samskipti við nemendur.

Stundum hefur munurinn á leiðsagnarmati/námi og lokamati eða símati verið líkt við garðyrkju. Garðyrkjumaður sem styðst við aðferðir lokamats eða símats mælir reglulega vöxt blómanna og heldur námvæma skrá yfir stöðu þeirra á hverjum tíma, fyrst og fremst í þeim tilgangi að fylgjast með framförum. Sá sem styðst við aðferðafræði leiðsagnarmats/náms mælir einnig vöxt blómanna, en í þeim tilgangi að greina og ákveða hvernig hann getur sem best stutt við heilbrigðan vöxt þeirra. Þurfa þau meiri vökvun, annan jarðveg, áburð eða annað?

Í aðalnámskrá grunnskóla er fjallað um leiðsagnarmat og lokamat. Leiðsagnarmat er veitt jafnt og þétt í öllum kennslustundum í þeim tilgangi að styðja nemendur í átt á markmiðum sínum. Lokamat er hinsvegar endanlegt mat þar sem ekki er gengið út frá því að nemandinn hafi tækifæri til að bæta framfarir sínar á viðkomandi sviði. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011) skal lokamat fara fram við lok grunnskóla, þar sem einkunnir eru veittar í bókstöfum.

John Morris og Ardleigh Green Junior School

Hluti skólanna sem tóku þátt í þróunarverkefninu höfðu áður kynnst aðferðarfræði Shirley Clarke í gegnum John Morris skólastjóra Ardleigh Green skólans í London, en Morris þakkar aðferðarfræðinni þann frábæra árangur sem skólinn hans hefur náð. Rannsóknir Younger, Warrington o.fl. (2004), *Raising Boys' Achievement*, leiddi m.a. í ljós að góðan árangur drengja í Ardleigh Green skólanum mætti fyrst og fremst rekja til kennsluaðferða skólans. Morris hefur haldið fjölda námskeiða fyrir kennara og stjórnendur í Reykjavík og verið nokkrum skólum til ráðgjafar við þróun náms og kennslu. Auk þess hefur fjöldi reykvískra kennara heimsótt Ardleigh Green skólann og skóla- og frístundasvið hefur gert myndbönd um kennsluhætti þar. Vísað er í þau myndbönd á vef þróunarverkefnisins.

Fyrirkomulag

Hver þátttökuskóli skipaði innleiðingarteymi sem hafði það hlutverk að leiða þróunarstarfið í skólanum m.a. með reglulegum fundum, en gert var ráð fyrir tveimur fundum í mánuði. Teymin voru mis fjölmenn eða frá 3 og upp í 8. Skilyrði var að stjórnandi sæti í teyimum skólanna. Þátttakendur í hverjum skóla voru ýmist allir kennarar skólans eða kennarar í tilteknum árgöngum eða námsgreinum. Megin viðfangsefni þátttakenda fólst í að skoða og þróa eigin viðhorf og kennslu í samræmi við áherslur

leiðsagnarnáms. Þeir unnu einnig að tilraunum og ígrunduðu þær. Þannig var að vissu marki stuðst við aðferðarfræði starfendarannsókna.

Umsjónarmenn verkefnisins voru Edda Gíslrún Kjartansdóttir, þá verkefnastjóri á Menntavísindasviði HÍ og Nanna Kristín Christiansen, verkefnastóri á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Þær hafa báðar sótt námskeið hjá Shirley Clarke auk þess sem Nanna sótti námskeið hjá Carol Dwek og hefur auk þess verið tengiliður SFS við John Morris frá 2007. Edda er einnig sérfræðingur í starfendarannsóknum.

Hlutverk umsjónarmanna var að standa fyrir a.m.k. þremur fræðslufundarröðum (hver þátttakandi sótti þrjá fundi) auk þess að halda 3-4 fræðslufundi með innleiðingarteymum. Umsjónarmenn gáfu einnig kost á því að koma á fundi með teymunum í hverjum skóla fyrir sig. Þeir héldu úti sérstökum vef fyrir verkefnið: nammedleidsogn.wordpress.com, með efni og upplýsingum sem ætlað var að styðja við þróunarstarfið í skólunum.

Fyrsta lota

Þróunarverkefninu var skipti í þrjár lotur og hófst fyrsta lotan 31. ágúst 2017 með fræðslufundi fyrir innleiðingateymi. Í september og október voru haldnir samtals 6 fræðslufundir fyrir kennara þátttökuskólanna. Sama dagskrá var á hverjum fundi en hver kennari valdi sér einn fund.

Í lotunni var lagt til að hver skóli skipulegði tvo fundi í mánuði þar sem teymin hittu sitt fólk og ynnu með þeim að verkefnum sem styðja við þróunarstarfið. Verkefnin voru unnin af umsjónarmönnum og vistuð á vef þróunarverkefnisins. Á vefnum voru einnig vistuð myndbönd, glærur frá fyrirlesurum, upplýsingar um bækur og annað efni sem tengist leiðsagnarnámi og efni sem þátttakendur höfðu unnið og vildu deila með öðrum.

Áherslan í fyrstu lotunni var á ígrundun þátttakenda um eigið starf, verkefni því tengt og umræður á skipulögðum fundum. Dæmi um verkefni voru: Að gera greinarmun á viðfangsefni og námsmarkmiði, Sjálfsrýni; endurgjöf, Sjálfsrýni; námsmarkmið, Sjálfsrýni; námsfélagar og Sjálfsrýni; viðmið um árangur. Einnig var gert ráð fyrir að hver skóli setti sér markmið og viðmið um árangur í þróunarverkefninu.

Önnur lota

Önnur lota var frá október til mars. Haldnir voru samtals 10 fræðslufundir fyrir þátttakendur auk þess var einn fundur fyrir innleiðingarteymi skólanna. Hver þátttakandi gat valið einn fund, en áherslur og inntak fundanna var mismunandi. Tilgangurinn var að koma til móts við óskir skólanna um áhersluþætti. Um var að ræða stærðfræði, list- og verkgreinar og náttúrufræði auk almennrar áherslu á hugmyndafræði Shirley Clarke um leiðsagnarnám. Leitað var til sérfræðinga í viðkomandi námsgreinum sem einnig hafa faglega þekkingu á leiðsagnarnámi. Þeir voru Guðbjörg Pálsdóttir, Guðný Helga Gunnarsdóttir, Ragnheiður Hermannsdóttir og Kristjana Skúladóttir. Auk þeirra sáu umsjónarmenn verkefnisins um kennsluna.

Gert var ráð fyrir að í hverjum skóla væri áfram unnið að þróun leiðsagnarnáms undir handleiðslu teymis hvers skóla m.a. með stuðningi verkefna af vefnum. Líkt og áður var miðað við tvo fundi á mánuði auk þess sem hver kennari nýtti a.m.k. eina kennslustund á viku til að þróa leiðsagnarnám í starfi sínu. Dæmi um verkefni: *Gerð kennsluáætlunar*, *Að setja viðmið um árangur*, *Mistök*, *Fögnum framförum*, *Heilinn og Sjálfsmat kennara*. Komið var til móts við óskir þátttakenda um gerð veggspjalda um vaxtarhugarfar og fastmótað hugarfar, og þeim dreift til skólanna.

Í fyrstu og annarri lotu fundaði umsjónarmaður með hverju innleiðingateymi í viðkomandi skóla, eftir óskum þeirra. En markmið þess fundar var að fara yfir markmið og stöðuna í skólanum. Nýttu nær allir skólarnir sér þessa fundi.

Þriðja lota

Þriðja lota hófst með fræðslufundi innleiðingarteyma með Shirley Clake sem haldinn var í Borgartúni þann 15. mars fyrir hádegi. Eftir hádegi sama dag var haldið þriggja tíma námskeið á Grand Hótel þar sem 450 þátttakendur hlýddu á Clarke. Dagurinn var skipulagður í samstarfi við Clarke og þótti hann almennt takast mjög vel. Kostnaður var um 2,5 milljónir en þáttökugjald sem skólarnir greiddu var kr. 4000 pr. mann.

Þann 16. apríl var haldinn fræðslufundur um leiðsagnarnám í unglingadeildum sem var sérstaklega ætlaður kennurum á því stigi. Það kynntu Berglind Ósk Böðvarsdóttir kennari í Álftanesskóla og Hjördís Þorgeirsdóttir kennari við Menntaskólann við Sund reynslu sína af vinnu með leiðsagnarnám með ungu fólki.

Gert var ráð fyrir áframhaldandi vinnu í skólunum undir handleiðslu teymanna. Áheslan var á að skoða og meta árangur og festa það í sessi sem vel hafði gengið. Áfram var unnið með verkefni af vefnum. Dæmi um verkefni: Sjálfsmat/jafningjamat- hvar stend ég? Námsfélagi/spjallfélagi/samræðufélagi (talk partners)

Þann 24. apríl var haldinn lokafundur með teyimum skólanna. Á fundinum lögðu teymin mat á verkefnið og veltu framhaldinu fyrir sér. Í megindráttum lýstu fundarmenn yfir ánægju með verkefnið m.a. að það hefði verið hagnýtt og reynst vel. Meðal ávinnings sem skólarnir nefndu var að nú töluðu kennarar um það hvað nemendur ættu að læra, í stað þess hvað þeir ættu að gera, algengt væri að kennarar ræddu við nemendur sínar um vaxtarhugarfar, margir skólar fóru að vinna markvisst með námsfélaga og aukin áhersla var á að tilgreina námsmarkmið kennslustunda. Bent var á mikilvægi faglegrar umræðu kennara á fundum og gagnsemi vefsíðu verkefnisins, fræðslufundina og síðast en ekki síst var vísað til mikilvægis námskeiðs Shirley Clake.

Ákveðið var að halda þróunarstarfinu áfram á næsta skólaári þar sem ljóst er að markmiðnunum þ.e. innleiðing leiðsagnarnáms verður ekki náð á einu ári.

Árangur

Helsta markmið verkefnisins var að innleiða hugmyndafræði og aðferðir leiðsagnarmats í þáttökuskólunum svo námsmenning skólanna þróist í þá veru að leiðsagnarnám einkenni nám og kennslu. Hver og einn skóli setti sér viðmið um árangur sem voru mismunandi. Þegar á heildina er litið var helsta viðmiðið um árangur verkefnisins að þátttakendur myndu öðlast næga þekkingu og skilning á aðferðafræði leiðsagnarnáms til að geta nýtt sér það til að auka framfarir nemenda sinna. Skólarnir 17 eru að mörgu leyti ólíkir og sumir þeirra höfðu þegar unnið markvisst að vissum þáttum leiðsagnarnáms í nokkur ár. Þetta á einkum við um skóla sem höfðu notið kennslu og ráðgjafar John Morris. Aðrir voru að stíga sín fyrstu skref í þróun leiðsagnarnáms. Loks ber að nefna að verkefnið var tekið mismunandi tökum í þáttökuskólunum. Á meðan teymin í sumum skólanna héldu skipulega fundi með kennurum skólans, úthlutuðu verkefnum og fylgdu þeim eftir með samræðum náðu aðrir skólar ekki sama flugi, oft vegna þess að teymin höfðu ekki nægan tíma til að fylgja verkefninu fyllilega

eftir eða að ekki tókst að virkja þátttakendur eins vel og ákjósanlegt hefði verið. Árangurinn var því eðlilega mismunandi.

Umsagnir frá nokkrum skólum

Í skriflegu mati frá Dalskóla segir: *Verkefnið hefur bætt og samræmt vinnubrögðin í kennslustundum í skólanum. Kennarar hafa fengið tæki í hendur sem hefur styrkt þá sem fagmenn, enda árangurinn tvímælaus. Aðferðirnar hafa jafnað tækifæri nemenda til þátttöku í lærdómnum, þær hafa myndað aukið traust í bekkjum og námsmenning aukist. Það hefur reynst happadrjúgt að allt samfélagið tók þessi skref saman og það að hafa utanaðkomandi verkefnastjórn setti verkefninu betri ramma.*

Grandaskóli skrifar: *Í skólanum voru allir kennarar þátttakendur í þróunarverkefninu um leiðsagnarnám. Við fjölluðum um aðferðir Shirley Clarke á sameiginlegum fundum og tileinkuðum okkur gagnlegar kennsluáferðir líkt og náms- og spjallfélaga í öllum námsgreinum. Hins vegar lögðum við upp með að innleiða þetta sérstaklega í stærðfræði, vera hófsöm og byrja á einum bita af filnum. Það hefur gengið vel, eins og gengur eru sumir kjarkmeiri en aðrir og hafa prófað eitt og annað á meðan aðrir taka minni skref. Innleiðing fyrir verkefnastjóra var mjög góð. Við vorum sérstaklega ánægð með kennarafundinn í Hlíðaskóla. Hefði verið gott að fá annan þannig fund þar sem fólk hefði getað sagt frá tilraunum sínum í kennslu á ákveðnum stærðfræðiverkefnum. Stuðningurinn við verkefnastjóra hefði mátt vera hnitmiðaðari t.d. að ræða eitthvað ákveðið verkefni sem skólinn hefði ákveðið að allir prófuðu. Fyrirlesturinn hjá Shirley Clarke var frábær og kveikti vel í fólki.*

Húsaskóli segir: *Húsaskóli tók þátt í þróunarverkefninu um leiðsagnarnám á skólaárinu. Kennarar voru mjög áhugasamir strax frá byrjun og það gerði námið markvissara. Skipulag verkefnisins var til fyrirmyndar og góður stuðningur við innleiðingarhópinn sem nýtti sér heimasíðu verkefnisins og ítarefni vel. Flestir nemendahópar byrjuðu fljótlega að hafa námsfélaga sem hjálpuðust að í náminu. Þetta féll vel í kramið hjá nemendum sem fannst þeir vera þínu að „svindla“ að mega ræða við næsta mann um verkefnið sitt og lausnir. Í Húsaskóla unnum við líka þó nokkuð mikið með hugarfar til náms og hafði það góð áhrif á nemendur og ekki síst kennara líka. Frasar eins og „ég kann þetta ekki ennþá“ og „ég læri af mistökum mínum“ urðu algengir í námi og kennslu. Margt sem kennarar lærðu leiddi til fjölbreyttari kennsluhátta og meiri sveiganleika fyrir nemendur. Á sama tíma vorum við að innleiða Google Classroom á miðstigi. Í þeirri vinnu hafði hugarfarið mikil áhrif því kennarar og nemendur voru óhræddir við að viðurkenna hvar þeir voru staddir í námsferlinu og aðstoða hvern annan áfram. Við höldum ótrauð áfram á næsta skólaári og höfum fengið 2.000.000 kr. styrk frá Sprotasjóði til að samþætta þessi tvö verkefni undir heitinu: Jafnfætis í námi. Leiðsagnarnám, upplýsinga- og tækni-mennt. Verður þar lögð áhersla á að jafna tækifæri nemenda til náms með aðstoð tækninnar og aðferðum leiðsagnarnáms.*

Nokkrir skólar bentu á að verkefnið hefði ekki verið nægilega vel sniðið að unglिंगadeildum: *Það vantaði aðeins upp á að sýna meira af verkefnum fyrir unglिंगadeildarkennara, bæði á fundunum og á vefsíðu. Ég áttaði mig ekki á því fyrir en mér var bent á það því mér fannst ég geta yfirfært það en einhverjum fannst það slæmt.*

Eins og áður segir var tímaskortur oft þröskuldur, og ekki virðist alltaf hafa verið gert ráð fyrir að þróunarstarf af þessari stærð tekur tíma og krefst stuðnings. Líkt og fram kemur hjá einum þátttökuskólanna: *Innleiðingarteymið fékk meiri fræðslu en stundum vantaði tíma til að koma þeirri fræðslu til skila. Það átti að gera á stigsfundum og það var reynt en ekki var gert ráð fyrir auknum tíma í þennan þátt og of óljóst kannski af hálfu stjórnanda hvernig það átti að fara fram. Kannski er*

innleiðingarteymi ekki það sem virkar í svona verkefni. Það sem mér finnst vanta við svona þróunarverkefni almennt er að gefa ákveðinn tíma til að sinna því. Það þarf að lesa og grúska og skipuleggja verkefni. Kennurum finnst þetta vera auka álag sem það er þó svo að vinnan skili sér í minna álagi í kennslunni.

Niðurstöður og næstu skref

Þróunarverkefnið um leiðsagnarnám í skólum skólaári 2017- 2018 varð umfangsmeira en gert hafði verið ráð fyrir. En 17 skólar tóku þátt í verkefninu og yfir 500 kennarar og stjórnendur. Samtals urðu fræðslufundirnir 20 auk 15 funda með umsjónarmanni og teyimum í hverjum skóla. Auk allrar þeirra vinnu sem fram fór innan skólanna sjálfra. Framkvæmdin hefði ekki gengið upp nema fyrir góða samvinnu við skólanna.

Í meginráttum gekk verkefnið framar vonum þó vissulega megi ýmislegt læra af því. Aðferðafræðin sem stuðst var við í þróunarstarfinu virðist að mestu leyti hafa gefist vel. Teymin voru þungamiðjan í framvindunni og leiddu starfið með upplýsingagjöf, verkefnum og umræðum á fundum í skólum sínum. Þau gátu nýtt verkefni, ítarefni og upplýsingar á vef verkefnisins, eða notað eigin verkefni, auk þess gátu þau óskað eftir stuðningi umsjónarmanna. Fræðslu- og umræðufundir teymanna voru almennt vel sóttir en þar deildu teymin m.a. reynslu sinni og skiptust á upplýsingum. Til að auka líkurnar á því að starf allra teymanna verði sem árangursríkast þarf væntanlega að tryggja enn betur að öll teymin hafi nægilegar forsendur til að sinna starfi sínu, það er að segja að þau hafi áhuga, þekkingu, tíma og njóti trausts. En ávinningurinn var augljóslega mestur í skólum sem nutu leiðsagnar öflugra teyma. En þó eru dæmi um skóla þar sem teymin sjálf unnu mjög gott starf þó þátttaka annarra kennara hafi ekki verið eins mikil og vonast var eftir. Þegar upp er staðið fer þróun á skólastarfi ekki fram á fræðslufundum, sama hversu góðir þeir eru, heldur í daglegu starfi innan skólans, þar sem faglegar umræður veita innblástur og vekja þor til tilrauna. Fræðslu- og umræðufundirnir og vefurinn voru uppspretta og stuðningur.

Að mati skólanna hafa þeir allir haft einhvern ávinning af starfinu og margir töldu hann verulegan.

Nokkuð var um að kennarar á unglíngastigi teldu að efnið væri ekki nægilega vel lagað að þeim aldurshópi og á sú gagnrýni fullan rétt á sér. Bækur Shirley Clarke miðast almennt við yngri nemendur en til er efni sem fjallar um leiðsagnarnám meðal eldri nemenda.

Allir þátttökuskólarnir hafa lýst yfir áhuga á að halda áfram þróun leiðsagnarnáms á næsta skólaári. SFS sótti í því skyni um styrk til Endurmenntunarsjóðs grunnskóla og fékk kr. 800 þús. Áhugi er fyrir því á næsta skólaári að skólarnir deili eigin þekkingu og reynslu í eftirfarandi þáttum:

- Námsmenning: hugarfar, mistök, þrautseigja
- Námsfélagar
- Könnun fyrri þekkingar nemenda
- Markmið kennslustundar (verkefnis)
- Viðmið
- Endurgjöf

Á skólaárinu 2018-2019 hafa átta skólar til viðbótar óskað eftir stuðningi skrifstofu SFS við að þróa leiðsagnarnám, þeir eru Foldaskóli, Fossvogsskóli, Klébergsskóli, Vogaskóli, Vættaskóli, Laugalækjar-skóli, Rimaskóli og Breiðholtsskóli. Samtals munu því 25 af grunnskólum Reykjavíkur vinna að eflingu leiðsagnarnáms á skólaárinu með stuðningi fagskrifstofu grunnskóla SFS.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla (2011). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Ardleigh Green Junior School. *Heimasíða*: <http://www.ardleighgreenjun.org.uk/>

Clarke, Sherley. (2014) *Outstanding Formative Assessment: Culture and Practice*. UK: Hodder Education.

Dweck, Carol. (2012) *Mindset: How You Can Fulfil Your Potential*. UK: Little, Brown Book Group,

Hattie, John. (2012). *Visible Learning for Teachers: Maximizing Impact on Learning*. USA: Routledge

Younger, M., Warrington, M., Gray, J., Rudduck, J., McLellan, P., Bearne, E., Kershner, R., og Bicheno, P. (2004). *Raising Boys' Achievement: a study funded by the Department for Education and Skills*. (DfES Research Report RR63). Cambridge: University of Cambridge Faculty of Education.